

Einkasalir, félagsheimili og útisamkomur.

37. gr.

Tækifærisveitingar eru sala veitinga í atvinnuskyni sem ekki eru látnar í té að staðaldri, heldur einungis við einstök tækifæri.

Ef veitingasala fer að staðaldri fram í einkasal eða félagsheimili er heimilt að veita leyfi samkvæmt öðrum ákvæðum þessa kafla.

38. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um veitinga- og gististaði nr. 67 28. júní 1985 öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 10. júní 1987.

Matthías Bjarnason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Ölfushreppi fyrir árið 1987.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Ölfushreppi árið 1987 skal vera kr. 2500 fyrir hvern hund, sbr. 2. gr. staflíð c) í samþykkt um hundahald í Ölfushreppi frá 18. maí 1987.

2. gr.

Handsömunargjald skal vera kr. 3000.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Ölfushrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. júní 1987.

F.h.r.

Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.

REGLUGERÐ

um bann við netaveiðum fiskiskipa í júlí og ágúst.

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 1. júlí 1987 til og með 15. ágúst 1987 eru allar þorskfisknetaveiðar bannaðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 19. júní 1987.

F.h.r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.

REGLUGERÐ

um búmark og fullvirðisrétt til framleiðslu
mjólkur verðlagsárið 1987—1988.

I. KAFLI

Orðskýringar.

1. gr.

Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

Framleiðandi er hver sá, sem á eigin vegum hefur með höndum búvöruframleiðslu til afhendingar í afurðastöð, hvort sem er einstaklingur, lögaðili, aðili að félagsbúi eða ríkisbú.

Búmark er viðmiðunartala afurðaeininga reiknuð í ærgildum, sem ákveðin er fyrir lögbýli eða framleiðendur búvöru utan lögbýla skv. reglugerð þessari.

Ærgildisafurð er afurðaeining. Ein ærgildisafurð telst vera 18,2 kg af kindakjöti og tilsvaramagn af slátri og gærum eða 174 lítrar af mjólk.

Ærgildi er talin vetrarfóðruð sauðkind. Ærgildi í nautgripum reiknast þannig: kýr 20 ærgildi, kelfd kvíga 12, vetrungur 8 og kálfur 4 ærgildi.

Lögbýli eða jörð er í reglugerð þessari skilgreint skv. 1. gr. ábúðarlaga nr. 64, 31. maí 1976 með síðari breytingum.

Félagsbú er sameiginlegur búrekstur tveggja eða fleiri einstaklinga á einu eða fleiri lögbýlum með samningi, sem hlotið hefur samþykki landbúnaðarráðuneytisins skv. jarðalögum nr. 65/1976 með síðari breytingum.

Fullvirðisréttur er það magn mjólkur og sauðfjárafurða, sem framleiðendum er ábyrgst fullt verð fyrir á grundvelli samnings skv. a-lið 30. gr. l. nr. 46/1985.

Fullvirðismark er samanlagður fullvirðisréttur allra framleiðenda á búmarkssvæði til framleiðslu mjólkur eða sauðfjárafurða reiknaður sem hlutfall af samanlögðu búmarki svæðisins í viðkomandi búgrein.

II. KAFLI

Um búmark.

2. gr.

Búmark það, sem í gildi var við stjórn á framleiðslu mjólkur og sauðfjárafurða samkvæmt búmarksskrá Framleiðsluráðs landbúnaðarins hinn 1. ágúst 1986, skal halda gildi sínu með eftirtöldum undantekningum:

- Heimilt er Framleiðsluráði landbúnaðarins, að fengnum tillögum hlutadeigandi búnaðarsambands, að þrengja búmark á félagsbúum, ef aðilum að félagsbúi hefur fækkað frá